

## A 1891/UKK

<b>Flytjandi</b>	Flokkahópur miðjumanna
<b>Afgreiðsla</b>	Norræna þekkingar- og menningarnefndin

## Þingmannatillaga um viðurkenningu á afslætti fyrir námsfólk af ferðum alls staðar á Norðurlöndum

### Tillaga

Flokkahópur miðjumanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún kanni ólíkar leiðir til þess að námsmannaafsláttur af almenningssamgöngum á Norðurlöndum gildi fyrir allt norrænt námsfólk;

að hún kanni möguleika á samnorrænu stafrænu námsmannaskírteini.

### Greinargerð

Á Norðurlöndum er löng hefð fyrir því að stunda nám erlendis. En hreyfanleikinn er afar mismunandi eftir löndum. Samkvæmt rannsókninni „Education at Glance“ frá árinu 2016 stunduðu 14% Íslendinga, 7% Norðmanna, 4,2% Svía, 2,9% Dana og 2% Finna nám erlendis veturinn 2013–2014. Námsmannaskipti milli Norðurlanda eru einnig afar mismikil. Veturinn 2020–2021 stunduðu 2.277 Norðmenn nám í Danmörku, en eingöngu 28 fóru til Finnlands í framhaldsnám.

Ef horft er framhjá tímabundnum tögum, t.a.m. af völdum kórónaveirufaraldursins eða Brexit, þá eru það þættir eins og tungumálakröfur, orðspor landanna, löggildingarkröfur og námsframboð sem ráða því hvaða námsland og námslengd verður fyrir valinu (SSB 2017). En efnahagur skiptir einnig miklu máli. Kostnaðarstig, gjaldeyrissveiflur og styrkjakerfi skipta máli, einkum þegar námsfólk nýtur ekki aðstoðar fjölskyldunnar.

Flokkahópur miðjumanna vils að fleiri sæki nám í hinum löndunum. En eigi það að takast verður að gera það fjárhagslega auðveldara. Afsláttur af almenningssamgöngum gagnast loftslaginu og pyngju námsfólks en hvort tveggja eykur á vinsældir Norðurlanda. Nú er staðan sú að löndin viðurkenna námsmannaskírteini eða kvittun fyrir greidd námsgjöld frá heimalandinu en ekki frá hinum Norðurlöndunum. Þessu þarf að breyta. Greidd námsgjöld ættu að veita sömu réttindi alls staðar á Norðurlöndum.



Flokkahópur miðjumanna fer þess á leit að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar að hún kanni ólíkar leiðir til þess að námsmannaafsláttur af almenningssamgöngum gildi alls staðar á Norðurlöndum. Þar á meðal fer flokkahópur miðjumanna þess á leit að Norræna ráðherranefndin kanni hvort lausnin sé fólgin í samnorrænu stafrænu námsmannaskírteini. Noregur hefur þegar kynnt slíka lausn til sögunnar. Sameiginlegt stafrænt námsmannaskírteini gæti falið í sér sparnað fyrir löndin og greitt fyrir nýjum lausnum og fjárhagslegum sparnaði fyrir námsfólk.

#### Heimildir:

SSB - Færre studerer i utlandet:

<https://www.ssb.no/utdanning/artikler-og-publikasjoner/faerre-studerer-i-utlandet>

Lånekassen - Studenter i utlandet:

<https://data.lanekassen.no/statistikk/temasider/hoeyere-utdanning-i-utlandet/#Studenter-i-utlandet>

Norðurlöndum, 6. september 2021

*Anders Adlercreutz (sv)*

*Anders Eriksson (ÅF)*

*Anna Kolbrún Árnadóttir (Mifl)*

*Arman Teimouri (L)*

*Bertel Haarder (V)*

*Edmund Joensen (sb)*

*Erling Bonnesen (V)*

*Jaspur Langgaard (sb)*

*Joakim Strand (sv)*

*Jouni Ovaska (cent)*

*Ketil Kjenseth (V)*

*Kjell-Arne Ottosson (KD)*

*Linda Modig (C)*

*Magnus Ek (C)*

*Mikko Kinnunen (cent)*

*Rebecka Le Moine (MP)*

*Simon Holmström (HI)*